



Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá ríkisins.

Í 16. gr. íþróttalaga nr. 68/1998 segir „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir lög þessi og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Yfirmenn þeirra aðila sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur sem sótt hefur um starf við að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans. Á þetta einnig við um þann einstakling sem hyggst taka að sér sjálfboðaliðastarf.”

Undirrituð/undirritaður/undirritað veitir hér með Landssambandi hestamannafélaga kt. 7101693579 heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hef hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (kynferðisbrot) og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum.

Þar að auki veitir undirrituð/undirritaður/undirritað Landssambandi hestamannafélaga heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hef hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (manndráp og líkamsmeiðingar og brot gegn frjálsræði manna) og barnaverndarlaga nr. 80/2002 á síðastliðnum fimm árum. Mér hefur verið kynnt og ég geri ég mér grein fyrir því að þessar upplýsingar eru umfram heimild skv. 16.gr. íþróttalaga nr. 68/1998.

Undirrituð/undirritaður/undirritað samþykkir ennfreður að þessar upplýsingar verði geymdar í lokuðu kerfi í trúnaðarbók.

Þessi heimild er gild á meðan viðkomandi sinnir störfum á vegum hreyfingarinnar. Kjósi undirrituð/undirritaður að afturkalla umboð eða heimild þessa skal það gert skriflega.

Nafn: _____ Kt. _____

Staður: _____ Dagsetning: _____

Samþykkt með undirskrift: _____ Kt. _____